

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/359

2016/EES/19/38

frá 4. mars 2015

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar  
hagskýrslur um útgjöld og fjármögnun heilbrigðisþjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 9. gr. og d-lið í II. viðauka,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1338/2008 er settur sameiginlegur rammi fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð í Evrópu um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.
- 2) Framkvæmdarráðstafanir ákvarða gögn og lýsigögn sem veita á um útgjöld og fjármögnun heilbrigðisþjónustu og viðmiðunartímabil, millibil og tímamörk um útvegum gagna.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 hefur verið gerð kostnaðar- og ábatagreining, með tilliti til ávinnings af því að gögn um útgjöld og fjármögnun heilbrigðisþjónustu séu tiltæk, borið saman við kostnaðinn við gagnaöflunina sem aðildarríki hafa framkvæmt að eigin vali síðan 2005, í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í SHA-flokkunarkerfinu fyrir heilbrigðisútgjöld (*e. System of Health Accounts*) og byrði aðildarríkja. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 beitti framkvæmdastjórnin árin 2013 og 2014 sér fyrir forkönnunum, með valfrjálstri þátttöku aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin hefur fjallað um þarfir notenda á allmörgum fundum með aðildarríkjum. Líkur eru á að aðgengileiki gagna innan alls Evrópusambandsins verði til mikils ávinnings vegna ákvarðana að því er varðar heilbrigðismál og félagsmálastefnu.
- 4) Til að tryggja gildi og samanburðarhæfi gagna eru sett fram hugtök, skilgreiningar og aðferðir við samantekt gagna sem tengjast útgjöldum og fjármögnun heilbrigðisþjónustu í handbók SHA-flokkunarkerfisins fyrir heilbrigðisútgjöld <sup>(2)</sup>, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins), Efnahags- og framfarastofnunin og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gerðu sameiginlega og ætti að mynda grunn fyrir hinn ítarlega spurningalista og meðfylgjandi viðmiðunarreglur, sem notaðar eru við hina árlegu, sameiginlegu gagnaöflun sem þessar þrjár stofnanir framkvæma.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur vegna þróunar og gerðar evrópskra hagskýrslna á sviði útgjalda og fjármögnunar heilbrigðisþjónustu, eins af viðfangsefnum hagskýrslna um heilbrigðisþjónustu, sem skráð eru í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1338/2008.

*2. gr.*

Skilgreiningarnar sem nota á við beitingu þessarar reglugerðar eru settar fram í I. viðauka.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 62, 6.3.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

(2) Efnahags- og framfarastofnunin, Hagstofa Evrópusambandsins, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (2011), SHA-flokkunarkerfið fyrir heilbrigðisútgjöld, útgáfa Efnahags- og framfarastofnunarinnar, doi: 10.1787/9789264116016-en

3. gr.

Aðildarríki skulu leggja fram gögn um þau svið sem tilgreind eru í II. viðauka.

4. gr.

1. Aðildarríki skulu leggja fram tilskilin gögn og tilheyrandi stöðluð viðmiðunarlysígögn árlega. Viðmiðunartímabilið skal vera almanaksárið.
2. Gögn og viðmiðunarlysígögn fyrir viðmiðunarárið N skulu lögð fram eigi síðar en 30. apríl N + 2.
3. Gögn og viðmiðunarlysígögn skulu lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofa Evrópusambandsins) með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu eða þau ætti að gera aðgengileg framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) rafrænt á hverju ári.
4. Fyrsta viðmiðunarárið skal vera 2014.
5. Síðasta viðmiðunarárið skal vera 2020.
6. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu aðildarríki leggja fram gögnin og viðmiðunarlysígögnin vegna viðmiðunarársins 2014 eigi síðar en 31. maí 2016.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu leggja fram gögn í þeim flokkunarþrepum sem tilgreind eru í II. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu útvega nauðsynleg viðmiðunarlysígögn, einkum að því er varðar gagnalindir, umfang þeirra og aðferðirnar sem notaðar voru til samantektar, upplýsingar um þætti landsbundinna útgjalda og fjármögnun heilbrigðisþjónustu hjá þeim aðildarríkjum sem víkja frá skilgreiningunum sem kveðið er á um í I. viðauka, tilvísanir í innlenda löggjöf þegar hún myndar grunninn að útgjöldum og fjármögnun heilbrigðisþjónustu, og upplýsingar um allar breytingar á hagtöluhugtökunum sem minnst er á í þessari reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI***Skilgreiningar**

1. „Heilbrigðisþjónusta“: öll starfsemi sem hefur það að meginmarkmiði að bæta, viðhalda og koma í veg fyrir hnignun heilbrigðisástands einstaklinga og draga úr afleiðingum heilsuleysis með því að nota heilsuþekkingu aðila sem hafa til þess réttindi og hæfi.
2. „Rekstrarútgjöld í heilbrigðisþjónustu“: lokaneyslukostnaður staðbundinna eininga varðandi vörur og þjónustu sem eru tengd heilsu, þ.m.t. vörur og þjónusta sem eru tengdar heilsu og eru veittar beint til einstaklinga og sameiginlegrar heilsugæsluþjónustu.
3. „Hlutverk heilbrigðisþjónustu“: þær tegundir þarfa sem miðað er við að rekstrarútgjöld í heilbrigðisþjónustu uppfylli, eða markmið sem stefnt er að.
4. „Þjónusta í lækningaskyni“: þjónusta tengd heilsu þar sem meginmarkmiðið er að minnka einkenni eða draga úr alvarleika sjúkdóma eða áverka, eða vernda gegn elnun eða fylgikvillum sem gætu stofnað lífi eða eðlilegri líkamsstarfsemi í hættu.
5. „Endurhæfing“: þjónusta til að koma á stöðugu ástandi, bæta eða færa skerta líkamsstarfsemi og -gerð í fyrri horf, vega upp á móti vöntun á eða tjóni á líkamsstarfsemi og -gerð, bæta virkni og þátttöku og koma í veg fyrir skerðingu, læknisfræðilega fylgikvilla og áhættu.
6. „Þjónusta við innlagða“: meðferð og/eða umönnun sem veitt er sjúklingum á heilbrigðisstofnun, sem hafa verið lagðir inn formlega og þarfnast dvalar yfir nótt.
7. „Ferliþjónusta“: heilbrigðisþjónusta og stoðþjónusta sem veitt er sjúklingum á heilbrigðisstofnun, sem hafa ekki verið formlega lagðir inn og dvelja ekki yfir nótt.
8. „Dagdeild“: skipulögð heilbrigðisþjónusta og sjúkra- og iðjuþjálfun o.fl. sem veitt er sjúklingum sem hafa verið lagðir formlega inn til greiningar, meðferðar eða til annars konar heilbrigðisþjónustu og eru útskrifaðir samdægurs.
9. „Langtímaumönnun (heilbrigði)“: svið læknishjálpar og persónulegrar umönnunarþjónustu sem er veitt með það að meginmarkmiði að draga úr sársauka og þjáningum og minnka eða stýra hnignun á heilbrigðisástandi sjúklinga sem þarfnast langtímaumönnunar.
10. „Heimaþjónusta“: læknishjálpar, stoðþjónusta og hjúkrunarþjónusta sem veitt er sjúklingum heima og felur í sér að þjónustuveitandinn mæti í eigin persónu.
11. „Stoðþjónusta“ (ekki tilgreind eftir hlutverki): heilbrigðisþjónusta eða þjónusta tengd langtímaumönnun, þar sem hlutverk og notkun eru ótilgreind og sjúklingnum er veitt þjónustan beint, einkum með óháðu sambandi við heilbrigðiskerfið og sem er ekki óaðskiljanlegur hluti af umönnunarþjónustupakka, s.s. rannsóknarstofa eða myndgreiningarþjónusta eða flutningur sjúklinga og neyðarbjörgun.
12. „Lyf og aðrar lækningavörur sem eru ekki varanlegar“ (ekki tilgreindar eftir hlutverki): lyf og lækningavörur sem eru ekki varanlegar og ætlaðar eru til notkunar við greiningu, lækningu, til að lina þjáningar eða til að meðhöndla sjúkdóma, þ.m.t. lyfseðilsskyld lyf og lyf sem eru seld án lyfseðils, þegar hlutverk og notkun eru ótilgreind.
13. „Hjálpartæki og aðrar lækningavörur“ (ekki tilgreindar eftir hlutverki): varanlegar lækningavörur, þ.m.t. stoðtæki sem styðja eða leiðréttu bæklun og/eða frávik mannlíkamans, búnaður til bæklunarlækninga, gervilíffæri eða gervilimir sem koma í stað líkamshluta sem vantar, eða önnur hjálpartæki, þ.m.t. ígrædd, sem koma í stað eða eru viðbót við starfsemi líkamsgerðar sem vantar og læknisfræðilegan tæknibúnað, þar sem hlutverk og notkun eru ótilgreind.
14. „Fyrirbyggjandi umönnun“: allar ráðstafanir sem eru gerðar til að koma í veg fyrir eða draga úr alvarleika áverka og sjúkdóma, afleiðingum þeirra og fylgikvillum.
15. „Stjórnunarhættir og fjármálastjórnun heilbrigðiskerfa“: þjónusta þar sem lögð er áhersla á heilbrigðiskerfið í stað beinnar heilbrigðisþjónustu, sem styður beint hlutverk heilbrigðiskerfisins og telst sameiginleg, þar sem henni er ekki beint að tilteknum einstaklingum heldur nýtist hún öllum notendum heilbrigðiskerfis.

16. „Fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu“: sú tegund fjármögnunarfyrirkomulags þar sem fólk fær aðgang að heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. bæði með beingreiðslum frá heimilum fyrir þjónustu og vörur og fjármögnunarfyrirkomulagi þriðju aðila.
17. „Kerfi hins opinbera“: fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustu þar sem einkenni eru ákvörðuð með lögum eða af hinu opinbera og sérstök fjárhagsáætlun er gerð fyrir áætlunina og opinbera stofnun sem ber heildarábyrgð á henni.
18. „Sjúkratryggingakerfi skylduiðgjalds“: fjármögnunarfyrirkomulag til að tryggja aðgang að heilbrigðisþjónustu fyrir sértæka þýðishópa með skyldubundinni þátttöku sem er ákvörðuð með lögum eða af hinu opinbera og aðstoðarhæfi er byggt á greiðslu í sjúkratryggingakerfi skylduiðgjalds af eða af hálfu hlutaðeigandi einstaklinga.
19. „Lögboðnir sparireikningar tengdir heilbrigðisþjónustu (MSA)“: sparireikningar sem eru skyldubundnir samkvæmt lögum, þar sem grunnaðferðin við söfnun og sum álitaefni er varða notkun reikningsins til að borga heilbrigðisþjónustu eru undir eftirliti hins opinbera, og þar sem ekki kemur til samnýtingar með öðrum einstaklingum en aðstandendum.
20. „Kerfi frjálsra sjúkratrygginga“: kerfi sem er byggt á kaupum á sjúkratryggingu sem er ekki skyldubundin af hinu opinbera og þar sem hið opinbera getur niðurgreitt tryggingariðgjöld, beint eða óbeint.
21. „Fjármögnunarkerfi stofnana sem eru ekki reknað í hagnaðarskyggni“: fjármögnunarfyrirkomulag og -áætlanir sem eru ekki skyldubundin, með réttindum um iðgjaldsfrjálsar bætur sem eru byggðar á framlögum frá almenningi, hinu opinbera eða fyrirtækjum.
22. „Fjármögnunarkerfi fyrirtækja“: á einkum við um það fyrirkomulag þegar fyrirtæki útvegar eða fjármagnar heilbrigðisþjónustu beint fyrir starfsmenn sína, án afskipta tryggingakerfis.
23. „Útgjöld heimilanna“: beinar greiðslur fyrir heilsuvörur og heilbrigðisþjónustu af frumtekjum heimila eða sparnaði, þegar kaupandi innir greiðsluna af hendi við kaup á vöru eða við notkun á þjónustu.
24. „Fjármögnunarkerfi í öðrum löndum“: fjárhagsráðstafanir sem taka til eða er stýrt af hageiningum sem eru með heimilisfesti erlendis, en sem safna, samnýta tilföng og kaupa heilsuvörur og heilbrigðisþjónustu fyrir hönd heimilisfastra einstaklinga, án þess að færa fjármagn sitt í gegnum kerfi fyrir heimilisfasta einstaklinga.
25. „Veitendur heilbrigðisþjónustu“: stofnanir og aðilar sem hafa það að aðalstarfsemi að veita heilsuvörur og heilbrigðisþjónustu og þeir sem hafa heilbrigðisþjónustu aðeins sem hluta af starfseminni.
26. „Sjúkrastofnanir“: stofnanir með starfsleyfi, sem einkum veita þjónustu við lækningar, greiningu og meðferð sem felur í sér þjónustu lækna, hjúkrunarfólks og aðra heilbrigðisþjónustu vegna innlagðra sjúklinga og þá sérhæfðu gistiþjónustu sem þeir þarfnast, og sem geta einnig veitt þjónustu við dagdeildir, þjónustu við ferlisjúklinga og heilbrigðisþjónustu heima fyrir.
27. „Búsetuaðstaða með langtímaumönnun“: stofnanir sem einkum veita búsetuaðstöðu með langtímaumönnun sem sameinar hjúkrun, eftirlit eða aðrar tegundir umönnunar, sem nauðsynleg er þeim sem þar búa, þegar stór hluti af vinnsluferlinu og umönnuninni sem er veitt er blanda af heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustan er aðallega á sviði hjúkrunar og persónulegrar umönnunarþjónustu.
28. „Veitendur ferliþjónustu“: stofnanir sem einkum veita heilbrigðisþjónustu beint til ferlisjúklinga sem þarfnast ekki innlagnar, þ.m.t. bæði skrifstofur heimilislækna og sérfræðilækna og stofnanir sem sérhæfa sig í meðhöndlun tilvika á dagdeildum og að veita heimaþjónustu.
29. „Veitendur stoðþjónustu“: stofnanir sem veita sérhæfða stoðþjónustu beint til ferlisjúklinga undir umsjón fagfólks í heilbrigðisþjónustu og sem tekur ekki til meðferðar á sjúkrastofnunum, hjúkrunar á dvalarheimilum, veitenda ferliþjónustu eða annarra veitenda.
30. „Smásalar og aðrir sem láta í té lækningavörur“: stofnanir þar sem aðalstarfsemin snýr að smásölu á lækningavörum til almennings til einka- eða heimilisneyslu eða notkunar, þ.m.t. uppsetningar og viðhalds sem framkvæmt er í tengslum við söluna.

31. „Veitendur fyrirbyggjandi umönnunar“: stofnanir sem sjá einkum um sameiginlegar fyrirbyggjandi áætlanir og herferðir/lýðheilsuáætlanir fyrir sérhópa einstaklinga eða þýði í heild, s.s. stofnanir sem vinna að heilsuefingu og forvörnum eða lýðheilsustofnanir og einnig sérhæfðar stofnanir sem hafa það að aðalstarfsemi að veita fyrirbyggjandi umönnun.
32. „Veitendur stjórnunar og fjármögnunar heilbrigðiskerfa“: stofnanir sem einkum starfa að setningu reglna um starfsemi stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu og að almennri stjórnsýslu í heilbrigðisgeiranum, þ.m.t. stjórnun fjármögnunar í heilbrigðismálum.
33. „Önnur hagkerfi“: veitendur heilbrigðisþjónustu til íbúa sem er ekki flokkuð annars staðar, þ.m.t. heimili sem veitendur þegar veitt er persónuleg heilbrigðisþjónusta heima fyrir til aðstandenda, í tilfellum þegar hún svarar til félagslegra greiðslna sem eru heimilaðar í þessum tilgangi, sem og allir aðrir aðilar sem bjóða upp á heilbrigðisþjónustu sem aukastarfsemi.
34. „Veitendur í öðrum löndum“: allar þær einingar sem ekki tilheyra viðkomandi landi og sem láta í té heilsuvörur og heilsuþjónustu, sem og þær sem fást við starfsemi sem tengist heilsufari.



|                                 | Fjármögnunarkerfi  | HF.1.1              | HF.1.2, HF.1.3   | HF.2.1                          | HF.2.2   | HF.2.3                          | HF.3               | HF.4                                | Rekstrarútgjöld<br>í heilbrigðisþjónustu<br>HF.1/HF.4 |
|---------------------------------|--|---------------------|--|---------------------------------|--|---------------------------------|--------------------|-------------------------------------|---|
| Hlutverk<br>heilbrigðisþjónustu |  | Kerfi hins opinbera | Sjúkratyggjagakerfi<br>skylduútgjalda og lögboðnar<br>spartíreikningar tengdir<br>heilbrigðisþjónustu (**) | Kerfi fjálsra<br>sjúkratyggjaga | Fjármögnunarkerfi stofnana<br>sem eru ekki reknað<br>hagnaðarskynt | Fjármögnunarkerfi<br>fyrirtækja | Utgjöld heimilanna | Fjármögnunarkerfi í öðrum<br>löndum |   |
| HC.6                            | Fyrirbyggjandi umönnun (***)                               |                     |  |                                 |  |                                 |                    |                                     |   |
| HC.7                            | Stjórnunarkerfi og fjármögnun<br>heilbrigðiskerfa          |                     |  |                                 |  |                                 |                    |                                     |   |
| HC.9                            | Önnur heilbrigðisþjónusta, ót. a.                          |                     |  |                                 |  |                                 |                    |                                     |   |
|                                 | <i>Rekstrarútgjöld í heilbrigðisþjónustu<br/>HC.1–HC.9</i> |                     |  |                                 |  |                                 |                    |                                     |   |

(\*) Grögn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis.

(\*\*) Útgjöld sem falla undir HF.1.3 skulu gefin upp í lýsignum.

(\*\*\*) Fyrirbyggjandi umönnun er byggð á stefnuáætlun um heilsuæflingu sem felur í sér ferli til að gera fólki kleift að bæta heilsu sína með því að ná sjórn á hluta af þeim þáttum sem eru beinir og móandi. Inngrip eru meðalinn, þegar meginþingangur þeirra er heilsuæfling og ef þau eiga sér stað áður en greining hefur verið gerð. Undir fyrirbyggjandi umönnun falla inngrip bæði vegna einkanota og samneyslu.





|                              |  |                                  |                         |                        |   |                                  |  |                |            |   |
|------------------------------|--|----------------------------------|-------------------------|------------------------|---|----------------------------------|--|----------------|------------|---|
| Hlurverk heilbrigðisþjónustu | HP.1   | HP.2                             | HP.3                    | HP.4                   | HP.5  | HP.6                             | HP.7   | HP.8           | HP.9       | Rekstrarvirkjöld í heilbrigðisþjónustu<br>HP.1-HP.9 |
|                              | Sjúkrahöfnir   | Bísetuástaða með langtímaumönnun | Veitendur ferliþjónustu | Veitendur stoðþjónustu | Veitendur smásalar og aðrir sem veita lækningavörur | Veitendur fyrirbyggjandi umönnun | Veitendur sjúmnar og fjármögnunar heilbrigðiskerfa | Önnur hagkerfi | Önnur lönd |   |
| HC.7                         | Sjórnunarrættir og fjármálastjórnun heilbrigðiskerfa |                                  |                         |                        |   |                                  |  |                |            |   |
| HC.9                         | Önnur heilbrigðisþjónusta, ót.a.                     |                                  |                         |                        |   |                                  |  |                |            |   |
|                              | Rekstrarvirkjöld í heilbrigðisþjónustu<br>HC.1-HC.9  |                                  |                         |                        |   |                                  |  |                |            |   |

(\*) Gagn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmiðli hvers ríkis

(\*\*) Fyrirbyggjandi umönnun er byggð á stefnuáætlun um heilsuefingu sem felur í sér ferli til að gera fólki kleift að bæta heilsu sína með því að ná stjórn á hluta af beinum ákvörðunarþáttum hennar. Inngrip eru meðalinn þegar meginhlutgangurinn með þeim er heilsuefing og ef þau eiga sér stað áður en greining hefur verið gerð. Undir fyrirbyggjandi umönnun falla inngrip bæði vegna einkanoða og samneyslu.

### 3. Vaxflokki á rekstrarvirkjöldum í heilbrigðisþjónustu (HP) og fjármögnunarkerfum (HF)(\*)

|                               |                                  |                     |   |                                  |   |                             |                    |  |   |
|-------------------------------|----------------------------------|---------------------|---|----------------------------------|---|-----------------------------|--------------------|--|---|
| Veitendur heilbrigðisþjónustu | Fjármögnunarkerfi                | HF.1.1              | HF.1.2, HF.1.3  | HF.2.1                           | HF.2.2  | HF.2.3                      | HF.3               | HF.4   | Rekstrarvirkjöld í heilbrigðisþjónustu<br>HF.1-HF.4 |
|                               |                                  | Kerfi hins opinbera | Sjúkratyggjagakerfi skyldugjalds og lögboðnr spartreikningar tengdir heilbrigðisþjónustu (**) | Kerfi frjástra sjúkratyggjaganga | Fjármögnunarkerfi stofnana sem eru ekki reknað í hagnaðarskyrni | Fjármögnunarkerfi fyrirkæja | Utgjöld heimilanna | Fjármögnunarkerfi í öðrum löndum (tilheyrir ekki viðkomandi landi) |   |
| HP.1                          | Sjúkrahöfnir                     |                     |   |                                  |   |                             |                    |  |   |
| HP.2                          | Bísetuástaða með langtímaumönnun |                     |   |                                  |   |                             |                    |  |   |
| HP.3                          | Veitendur ferliþjónustu          |                     |   |                                  |   |                             |                    |  |   |
| HP.4                          | Veitendur stoðþjónustu           |                     |   |                                  |   |                             |                    |  |   |

|                                  | Fjármögnunarkerfi  | HF.1.1              | HF.1.2, HF.1.3  | HF.2.1                         | HF.2.2  | HF.2.3                          | HF.3               | HF.4  | Rekstrarvígjöld<br>í heilbrigðisþjónustu<br>HF.1-HF.4 |
|----------------------------------|--|---------------------|---|--------------------------------|---|---------------------------------|--------------------|---|---|
| Veitendur<br>heilbrigðisþjónustu |  | Kerfi hins opinbera | Sjúkragæingjakerfi<br>skylduútgjalda og lögðóðnr<br>spartreikningar tengdir<br>heilbrigðisþjónustu (**) | Kerfi fjálsra<br>sjúkragæingja | Fjármögnunarkerfi stofnana<br>sem eru ekki reknað<br>hagnaðarskygni | Fjármögnunarkerfi<br>fyrirtækja | Utgjöld heimilanna | Fjármögnunarkerfi í öðrum<br>löndum (tilheyrr ekki<br>viðkomandi landi) |   |
| HP.5                             | Smásalar og aðrir sem veita lækningavörur                        |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |
| HP.6                             | Veitendur fyrirbyggjandi umönnunar                               |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |
| HP.7                             | Veitendur stjómunar og fjármögnunar<br>heilbrigðiskerfa          |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |
| HP.8                             | Önnur hagkerfi   |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |
| HP.9                             | Önnur lönd   |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |
|                                  | <i>Rekstrarvígjöld í heilbrigðisþjónustu</i><br><i>HP.1-HP.9</i> |                     |   |                                |   |                                 |                    |   |   |

(\*) Gógn skulu gefin upp í milljónum í gjaldmáli hvers ríkis.

(\*\*) Utgjöld sem fálla undir HF.1.3 skulu gefin upp í lýsigönum.